

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 22. desember 2021

Mál nr. E-3158/2018:

A og B

(Valgeir Kristinsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Eiríkur Áki Eggertsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta er höfðað 24. september 2018. Dómur féll í því í héraði 10. febrúar 2020. Þeim dómi var áfrýjað til Landsréttar sem ómerkta héraðsdóm og vísaði málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar á ný með dómi sínum 7. maí 2021. Var málið dómtekið að lokinni aðalmeðferð 7. desember 2021. Málið var endurupptekið 10. desember 2021 og dómtekið á ný.

Stefnendur eru A, [...], og B, [...]. Stefndi er íslenska ríkið.

Endanlegar kröfur stefnenda eru:

Að stefnda verði gert að greiða A 6.222.222 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1 mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá útgáfudegi stefnu, sem sundurliðast þannig að 4.722.222 krónur að frádregnum 523.186 krónum eru vegna fjárhagslegs tjóns stefnanda og 1.500.000 krónur eru miskabótakrafa.

Að stefnda verði gert að greiða B 6.222.222 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá útgáfudegi stefnu sem sundurliðast þannig að 4.722.222 krónur að frá dregnum 523.185 krónum eru vegna fjárhagslegs tjóns stefnanda og 1.500.000 krónur er miskabótakrafa.

Þá krefjast stefnendur málskostnaðar eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum dómkröfum stefnenda en til vara verulegrar lækkunar dómkrafna. Þá er þess krafist að stefnendur verði dæmdir til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins en til vara að málskostnaður verði látinn niður falla.

I

Málsatvik

Mál þetta snýst um vörslusviptingu og slátrun Matvælastofnunar á öllu sauðfé í eigu stefnenda á jörðinni M í [...], í kjölfar athugasemda sem stofnunin hafði gert vegna

búrekstursins. Var búfénu smalað að undirlagi stofnunarinnar og fært til slátrunar 7. nóvember 2014.

Forsaga þessa var sú að Matvælastofnun hafði um allnokkurt skeið gert athugasemdir við aðbúnað fjárins, einkum hvað varðaði húsakost þar sem fénu var haldið að vetrarlagi. Hafði stofnunin frá vorinu 2013 haft uppi kröfur gagnvart stefnendum um að fjárhúsin yrðu lagfærð.

Hinn 27. maí 2014 sendi Matvælastofnun stefnandanum A bréf um slæman aðbúnað fjárins. Voru gerðar athugasemdir við fóðrun og brynningu, að fé væri í tveimur reifum, húsnæði væri óklárað og for væri undir fénu í húsinu. Var gerð grein fyrir því að Matvælastofnun hygðist gera kröfur um úrbætur í fimm liðum, meðal annars um að öllu sauðfé yrði tryggt húskaskjól í samræmi við reglugerð þar að lútandi. Hygðist stofnunin veita stefnanda frest til 15. september 2014 til að uppfylla umræddar kröfur. Var veittur andmælafrestur til 9. júní 2014 við efni bréfsins. Var bréfið stílað á stefnandann A en afrit sent stefnandanum B. Annar stefnenda hafði samband símleiðis við Matvælastofnun 4. júní 2014 og kom á framfæri athugasemdum. Upplýsti hann að allt fé væri komið á haga og byggingu nýs fjárhúss yrði lokið fyrir haustið. Hinn 11. júlí 2014 tilkynnti Matvælastofnun stefnandanum A að gerð væri sú krafa um úrbætur, á grundvelli 2. mgr. 36. gr. laga nr. 55/2013, að öllu sauðfé yrði tryggt húskaskjól í samræmi við reglugerð. Auk þess skyldi öllu fé tryggður fullnægjandi aðgangur að fóðri og vatni, fé skyldi ekki haldið á blautu taði, fé skyldi ekki vera í tveimur reifum og fullnægja skyldi kröfum reglugerðar um aðbúnað sauðfjár nr. 60/2000 að öllu leyti. Var veittur frestur til 15. september 2014 til að uppfylla þessar kröfur.

Hinn 24. september 2014 fór fulltrúi Matvælastofnunar í eftirlitsferð að M og komst þá að þeirri niðurstöðu að ný fjárhús væru langt frá því að vera fullbúin. Væri klæðning þaks aðeins hálfnuð og hurðir vantaði í dyraop. Hinn 8. október 2014 tilkynnti Matvælastofnun stefnandanum A að húsnæðið hefði verið tekið út 24. september 2014 og í ljós hefði komið að engar úrbætur hefðu farið fram og húsnæðið væri óhæft til nýtingar undir sauðfé. Hygðist því Matvælastofnun grípa til þess ráðs að taka allt sauðfé úr vörslum stefnanda og ráðstafa því á nýjan stað eða láta fara fram slátrun á bústofninum. Væri honum gefinn kostur á að koma á framfæri andmælum við þessa fyrirhuguðu ákvörðun og væri frestur til þess til 21. október 2014. Engin andmæli bárust og hinn 30. október 2014 var öðrum stefnenda tilkynnt sú ákvörðun Matvælastofnunar að allt sauðfé yrði tekið úr vörslum þeirra. Myndi vörslusvipting fara fram svo fljótt sem kostur væri og hygðist stofnunin á síðari stigum ráðstafa fénu á nýjan stað eða slátra því. Daginn eftir, 31. október 2014, tilkynnti Matvælastofnun síðan öðrum stefnenda að allt sauðfé væri tekið úr hans vörslum. Yrði sauðfénu haldið áfram á jörðinni á meðan féð væri í vörslum stofnunarinnar. Kom fram í bréfinu að Matvælastofnun áætlaði að slátra fénu 6. eða 7. nóvember 2014 ef önnur ráðstöfun þætti ekki möguleg. Var veittur frestur

til 4. nóvember til að koma að andmælum vegna málsins sem og benda á eða sýna fram á viðeigandi aðstæður eða aðbúnað fyrir dýrin. Stefnandi brást við þessu með því að senda tölvupóst til atvinnuvegaráðuneytisins 3. nóvember 2014 þar sem hann kvaðst kæra til ráðuneytisins *aðfarir matvælastofnunar* og óskaði eftir þriggja vikna fresti til að ljúka við húsið. Ráðuneytið svaraði tölvupóstinum sama dag með leiðbeiningum um form og efni kæru. Stefnandi svaraði þeim tölvupósti ekki og brást ekki frekar við.

Hinn 6. nóvember 2014 var sauðféð síðan fjarlægt af jörðinni. Var gripunum smalað til flutnings til slátrunar hjá [...]. Var kannað hvort úrbætur hefðu verið gerðar og varð niðurstaðan sú að svo væri ekki. Átti meðal annars enn eftir að ljúka við byggingu þaks fjárhússins. Var því féð flutt af bænum og því slátrað daginn eftir, 7. nóvember 2014.

Þegar féð var tekið úr vörslum stefnenda bentu þeir á að því mætti koma fyrir hjá C bónda. Var það kannað af hálfu búfjárefirlitsmanns en í ljós kom að ekki var rými í fjárhúsum hans fyrir sauðfé stefnenda. Lögmaður stefnenda hafði einnig samband við Matvælastofnun þennan dag og mótmælti aðgerðinni en henni var fram haldið.

Í málinu liggur fyrir matsgerð dómkvadds matsmanns. Kemur þar meðal annars fram það mat hans að það hefði tekið tvo menn þrjá daga að ljúka við byggingu fjárhússins 7. nóvember 2014.

Stefnendur gáfu aðilaskýrslu við aðalmeðferð málsins. Þá gáfu skýrslu vitnin D, sem gerði matsgerð í málinu, E yfirdýralæknir og F búfjárefirlitsmaður.

II

Málsástæður stefnenda

Stefnendur telja að stefndi beri skaðabótaábyrgð vegna vörslusviptingar og slátrunar fjárbústofns þeirra 7. nóvember 2014. Hafi stefnendur beðið tjón þegar stefndi hafi misbeitt valdheimildum sínum og aðgerðir stefnanda hafi verið ólögmætar og skaðabótaskyldar. Hafi tjón stefnenda verið verulegt, bæði fjárhagslega og tilfinningalega. Hafi þeir beðið skaða á mannorði og standi uppi ærulausir eftir framgöngu Matvælastofnunar. Fjárhagslega tjónið sé vegna rekstrarstöðvunar og tekjuleysis í kjölfar vörslusviptingarinnar, kostnaðar við að festa kaup á nýjum bústofni og tekjumissi meðan þeir hafi þurft að bíða þess að sá bústofn gæfi af sér afurðir. Þá hafi þeir orðið fyrir kostnaði vegna rýrnunar heyforða sem ekki hafi nýst til fóðrunar. Byggja stefnendur á matsgerð dómkvadds matsmanns til sönnunar um fjárhagslegt tjón sitt.

Stefnendur telja að Matvælastofnun hafi farið offari í málinu og beitt að óþörfu og án tilefnis allt of grófum og harkalegum úrræðum og hafi með því brotið gegn lögum um velferð dýra nr. 55/2013 og stjórnisýslulögum nr. 37/1993. Stefndi hafi borið að beita vægustu mögulegu úrræðum ef úrræða hefði á annað borð verið þörf. Stefndi hafi hafnað því að skoða tillögur stefnenda um úrræði og þess í stað gripið til ýtrustu úrræða sem

honum hafi verið tæk að lögum. Stefnendur hafi vísað á aðra bændur sem hafi verið reiðubúnir að hýsa féð til bráðabirgða en stefndi hafi hunsað allar slíkar tillögur. Þannig hafi stefndi enga tilraun gert til að hindra að það þyrfti að koma til niðurskurðar bústofns stefnenda þrátt fyrir að ljóst hefði verið að afar skamman frest þyrfti til að ljúka byggingu fjárhússins, sem var forsenda þess að þeir gætu haldið sauðfé veturinn 2014 til 2015. Þetta hafi Matvælastofnun gert þrátt fyrir að fyrir hafi legið að almennt væri ekki tíðkað að taka fé á hús fyrr en að áliðnum nóvembermánuði eða í desember. Telja stefnendur að sönnunarbyrði fyrir því að ekki hafi verið unnt að fara mildari leið en þá sem Matvælastofnun kaus hvíli á stefnda.

Stefnendur telja að ekki verði annað ráðið af bréfasendingum Matvælastofnunar til þeirra í aðdraganda vörslusviptingarinnar en að stofnunin hafi fyrir fram verið búin að ákveða að slátra fénu, þrátt fyrir þær lagaskyldur sínar að leita leiða til að komast hjá niðurskurði bústofnsins. Þetta sé í andstöðu við lagaskyldur stefnda samkvæmt 37. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra þar sem heimildir Matvælastofnunar til að láta aflífa dýr sem stofnunin hefur umráð yfir vegna vörslusviptingar sé háð því að hvorki stofnuninni né eiganda takist að finna viðeigandi aðstæður eða aðbúnað fyrir dýrin. Hafi stefndi með þessu brotið gegn meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga. Þá hafi stefndi brotið gegn rannsóknarreglu með því að hafa ekki kannað hversu mikið verk var óunnið við að ljúka byggingu fjárhúsanna áður en gripið var til vörslusviptingarinnar. Loks telja stefnendur að stefndi hafi með aðgerðum sínum brotið gegn jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga þar sem sambærilegri hörku sé ekki beitt að jafnaði gagnvart bændum í sambærilegri stöðu og stefnendur voru í þegar bústofni þeirra var slátrað.

Málsástæður stefnda

Stefndi telur liggja fyrir að enginn fjárhagslegur grundvöllur hafi verið fyrir búrekstrinum og framlegð hafi verið neikvæð. Telur hann það skýra hvers vegna aðbúnaður sauðfjárins hafi verið jafn ófullnægjandi og raun bar vitni og hvers vegna ekki hafi tekist að ljúka byggingu fjárhúsa í tæka tíð.

Stefndi telur að stefnandinn B geti ekki átt aðild að málinu. Fyrir liggir að stefnandinn A hafi verið skráður eigandi og umráðamaður búfjárins þegar vörslusvipting fór fram og hafði þá verið það um langt skeið. Það hafi ekki verið fyrr en síðar að stefnandinn B hafi verið skráður eigandi og umráðamaður búfjár að M. Hann geti því ekki átt lögvarða hagsmuni í málinu og geti því aðeins stefnandinn A átt aðild að því.

Stefndi bendir á að málið eigi sér allnokkurn aðdraganda. Hafi Matvælastofnun viðhaft sérstakt eftirlit með stefnanda vegna aðbúnaðar sauðfjár að M um nokkurt skeið. Hafi stefnandi verið krafinn um úrbætur eftir eftirlitsheimsókn í maí 2013 og gefinn frestur til 1. október 2013 til þess. Í maí 2014 hefði síðan komið í ljós í eftirlitsheimsókn að aðbúnaður sauðfjár væri enn ófullnægjandi. Hafi hús verið opin og ófrágengin, taðgólf

blaut og skítug, brynning ófullnægjandi og lýsingu áfátt. Þá hafi sumir gripanna verið vanfóðraðir og órúnir og sumir í tveimur reifum. Hafi stefnanda A verið sent bréf 27. maí 2014 þar sem krafist hafi verið úrbóta. Hafi þess verið krafist að öllu fé yrði tafarlaust komið á græn grös þar sem það hefði aðgengi að fóðri og vatni og að það fé sem enn væri í tveimur reifum yrði rúið. Þá var þar tilkynnt að stofnunin hygðist gera þá kröfu að öllu sauðfénu yrði tryggt fullnægjandi húsaskjól og viðunandi aðstæður að öðru leyti hvað varðaði brynningu, fóðrun og fleira. Hafi stefnanda verið gefinn frestur til 15. september til að ljúka þeim umbótum sem stofnunin krafðist. Þá hafi verið tilkynnt að ef úrbótum yrði ekki lokið innan frestsins yrði gripið til vörslusviptingar.

Stefndi vísar til þess að við eftirlitsheimsókn að M 24. september 2014 hafi komið í ljós að stefnandi hefði ekki lokið við þær úrbætur sem krafist hafði verið af hálfu Matvælastofnunar að yrði lokið fyrir 15. september 2014 né lagt fram tillögur um aðrar ráðstafanir eða áætlun um úrbætur. Hafi stofnuninni því verið nauðugur sá kostur að grípa til vörslusviptingar fjárins. Hafi haustslátrun verið að ljúka í byrjun nóvember og því hafi eini kosturinn á að gera verðmæti úr fénu verið að koma því í tæka tíð til slátrunar enda hafi stofnuninni ekki verið kunnugt um að neinir aðrir bændur hefðu aðstöðu eða vilja til að hýsa féð og fóðra. Þá hafi komið í ljós við vörslusviptinguna að ástand fjárins væri ekki nægjanlega gott og aðbúnaður þess hluta fjárins sem búið var að taka á hús enn ófullnægjandi.

Stefndi hafnar því að Matvælastofnun hafi farið offari í samskiptum við stefnanda. Telur stefndi að þær úrbætur sem krafist var að stefnandi gerði hafi verið nauðsynlegar með tilliti til velferðar sauðfjár stefnanda og að sá tími sem gefinn hafi verið til úrbóta hafi verið ríflegur. Þrátt fyrir það hafi stefnandi látið undir höfuð leggjast að koma á nauðsynlegum úrbótum og þá hafi stefndi ekki átt annan kost en að grípa til þeirra aðgerða sem hann greip til.

III

Niðurstaða

Mál þetta snýst um réttmæti vörslusviptingar Matvælastofnunar á sauðfé stefnanda 31. október 2014 og slátrunar þess í kjölfarið hinn 7. nóvember 2014.

Stefndi mótmælir aðild stefnandans B að málinu. Hafi allar ákvarðanir Matvælastofnunar í málinu beinst að hinum stefnanda málsins, A, föður B. Þá hafi stefnandinn A verið skráður fyrir öllum þeim bústofni sem málið lýtur að. Geti stefnandinn B því ekki haft lögvarða hagsmuni af niðurstöðu málsins. Stefnendur mótmæla þessu og eru sammála um að þeir hafi staðið saman að búrekstrinum og átt bústofninn í sameiningu. Eigi þeir því báðir hagsmuni af niðurstöðu í málinu.

Að mati dómsins verður sú fullyrðing beggja stefnenda að þeir hafi staðið saman að umræddum búrekstri og átt bústofninn í sameiningu ekki rengd og á hún sér nokkra stoð í gögnum málsins. Sendi Matvælastofnun til dæmis afrit af bréfi sínu til stefnandans A, 27. maí 2014, um kröfu um úrbætur og vörslusviptingu dýra, til stefnandans B og fyrir liggur að hann annaðist fyrir hönd stefnenda samskipti við búfjárefirlitsmann við vettvangsskoðun 24. september 2014. Teljast því báðir stefnendur hafa lögvarða hagsmuni af niðurstöðu málsins og geta báðir átt aðild að því.

Matvælastofnun byggði ákvarðanir sínar í málinu á ákvæðum reglugerðar nr. 60/2000 og lögum um velferð dýra nr. 55/2013. Í 1. gr. umræddra laga kemur fram það markmið þeirra að stuðla að velferð dýra. Skuli dýr vera laus við vanlíðan, hungur, þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Í 6. gr. laganna kemur fram að skylt sé að fara vel með dýr og ill meðferð þeirra sé óheimil. Þá kemur fram í 10. gr. laganna að hver sem hafi dýr í umsjá sinni skuli búa yfir eða afla sér grunnþekkingar á þörfum og umönnun viðkomandi dýrategundar og hafa nægilega getu til að annast um dýrið. Í 30. gr. laganna kemur síðan meðal annars fram að húsnæði sem ætlað sé dýrum skuli vera þannig úr garði gert að tekið sé tillit til þarfa og öryggis dýranna. Skuli taka tillit til þarfa og öryggis dýranna hvað varðar fóðrun, atferli, hreyfingu, rýmisþörf, hvíld og annan aðbúnað, svo sem loftgæði, lýsingu, hljóðvist og efnisnotkun. Þá skuli gæta þess að dýrum stafi ekki slyshætta af aðstæðum sem þeim séu búnar eða hætta skapist á því að þau geti orðið innikrouð eða bjargarlaus í neyð. Loks kemur meðal annars fram í 1. mgr. 37. gr. laganna að Matvælastofnun sé heimilt að taka ákvörðun um að svipta umráðamenn dýra vörslu þeirra, ef aðilar sinna ekki fyrirætlum innan tilgreinds frests. Sjái Matvælastofnun um framkvæmd vörslusviptingar og skuli við hana ákveða hvort dýrin skuli flutt brott eða þeim haldið þar sem þau eru. Sé stofnuninni heimilt að láta aflífa umrædd dýr að liðnum tveimur sólarhringum takist hvorki stofnuninni né eiganda að finna viðeigandi aðstæður eða aðbúnað fyrir dýrin.

Eins og fram kemur hér að framan áttu þær ákvarðanir og aðgerðir Matvælastofnunar í október og nóvember 2014, sem hér koma til umfjöllunar, langan aðdraganda. Liggur fyrir að mati dómsins að aðbúnaði sauðfjár á bænum hafði lengi verið verulega ábótavant og fjárhús ófullnægjandi, samanber athugasemdir sem Matvælastofnun gerði í bréfum sínum til stefnenda á árunum 2013 og 2014, varðandi aðbúnað sauðfjár og húsakost og kröfur til úrbóta. Þá fellst dómurinn á það með stefnda að þær úrbætur sem Matvælastofnun krafði stefnendur um hafi verið nauðsynlegar með tilliti til velferðar sauðfjár á bænum.

Dómurinn telur að ekki hafi annað verið leitt í ljós en að þeir frestir sem Matvælastofnun gaf stefnendum til að mæta kröfum um úrbætur hafi verið nægjanlegir. Eins og rakið var hér að framan var stefnendum tilkynnt í maí 2014 hvaða kröfur til úrbóta Matvælastofnun hefði í hyggju að gera. Var endanleg stjórnvaldsákvörðun í þeim efnum tekin 11. júlí 2014. Var gefinn frestur til 15. september 2014 til að uppfylla þær kröfur. Við þeim var ekki brugðist og voru fjárhús enn ófullnægjandi við skoðun 24. september 2014. Tilkynnti Matvælastofnun þá stefnendum 8. október 2014 að í ljósi þessa hygðist stofnunin grípa til þess ráðs að taka allt sauðfé úr vörslum stefnenda, ráðstafa því eða láta fara fram slátrun á því. Telur dómurinn að í ljósi ákvæða laga nr. 55/2013, um velferð dýra, sem áður var lýst, ferils málsins og þess hvernig málið lá þá fyrir hafi verið um að ræða rökrétt og nauðsynlegt skref af hálfu Matvælastofnunar. Ekki er fallist á það með stefnendum að skýrsla búfjárefartilitsmanns um skoðunina 24. september 2014 sé marklaus. Þótt framsetning skýrslunnar sé ekki að öllu leyti nákvæm þá er niðurstaða hennar skýr og studd ljósmyndum sem teknar voru á vettvangi. Verður því á henni byggt um þá meginniðurstöðu að ástand hússins hafi verið ófullnægjandi.

Ekki komu fram andmæli við þessari fyrirhugðu ákvörðun og tók Matvælastofnun þá ákvörðun um að allt sauðfé yrði tekið úr vörslum stefnenda, sem var tilkynnt stefnendum 30. október 2014. Daginn eftir fór vörslusvipting fjárins fram, þó þannig að sauðfénu yrði haldið áfram á jörðinni á meðan féð væri í vörslum stofnunarinnar. Kom fram að Matvælastofnun áætlaði að slátra fénu 6. eða 7. nóvember 2014 ef önnur ráðstöfun yrði ekki möguleg.

Eins og kom fram hér að framan þá sendi annar stefnenda tölvupóst til atvinnuvegaráðuneytisins 3. nóvember 2014 þar sem fram kom að hann kærði til ráðuneytisins *aðfarir matvælastofnunar* og óskaði eftir þriggja vikna fresti til að *ljúka við húsið*. Ekki kom þar fram nein áætlun varðandi þá framkvæmd. Svaraði ráðuneytið tölvupóstinum samdægurs og leiðbeindi um þær kröfur sem gerðar væru til stjórnsýslukæru til ráðuneytisins. Að öðru leyti var ekki brugðist við umræddum tölvupósti stefnanda. Í 41. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra, er fjallað um þá aðstöðu þegar umráðamaður dýrs vill ekki hlíta því að dýr sé tekið úr vörslu hans. Segir að hann geti þá borið ágreiningsefnið undir dómstóla en það fresti þó ekki aðgerðum eða framkvæmd slíkra ákvarðana. Bar því Matvælastofnun ekki að fresta aðgerðum vegna umrædds tölvupósts til ráðuneytisins.

Sauðféð var fjarlægt af jörðinni 6. nóvember 2014. Við það tækifæri bentu stefnendur á að C, bóndi í [...], hefði fallist á að geyma sauðféð fyrir stefnendur. Kannaði búfjárefartilitsmaður aðstæður í fjárhúsum hans og bar fyrir dómi að ekki hefði reynst vera rými þar fyrir sauðfé stefnenda. Hafa stefnendur ekki hnekkst þeirri staðhæfingu. Telst ósannað að stefnendur hafi sýnt fram á önnur raunæf úrræði til að fresta aðgerðum. Er fallist á það með stefnda að í ljósi þessa og með hliðsjón af markmiðum laga nr. 55/2013

um velferð dýra, sem birtast í 1. gr. þeirra, hafi Matvælastofnun ekki átt önnur raunhæf úrræði en að halda aðgerðunum áfram. Hafði málið enda verið nægjanlega rannsakað af stofnuninni og verður ekki séð að tilefni hafi verið til vægari aðgerða úr því sem komið var.

Að mati dómsins, sem skipaður er sérfróðum meðdómsmanni, liggur fyrir í málinu að fjárhús sem voru í byggingu að M voru ófullnægjandi þegar vörslusviptingin átti sér stað. Átti til dæmis enn eftir að ljúka byggingu þaks hússins og tryggja hæfilega loftræstingu og þurrkt undirlag fjárins. Rétt er að ekki hefði tekið langan tíma að ljúka byggingu hússins, eins og fram kemur í fyrirbyggjandi matsgerð, en svo hafði verið um langt skeið án þess að bygging þess yrði kláruð. Hafa stefnendur ekki fært fram viðhlítandi skýringar á því hvers vegna byggingu fjárhúsanna var ekki lokið innan tilskilins frests og verður ekki talið, með hliðsjón af atvikum málsins, að Matvælastofnun hafi verið rétt eða skylt að veita til þess lengri frest. Lögðu stefnendur raunar aldrei fram áætlun um það með hvaða hætti þeir ætluðu að ljúka byggingu fjárhúsanna.

Stefnendur halda því fram að Matvælastofnun hafi gengið lengra en efni stóðu til og að ekki hafi verið ástæða til að svipta stefnendur vörslum fjárins og slátra síðan strax daginn eftir. Hefði stofnuninni borið að leita annarra og vægari úrræða. Þegar litið er til allra atvika máls verður ekki á þetta fallist. Eins og rakið er hér að framan átti ákvörðun Matvælastofnunar sér langan aðdraganda og fengu stefnendur auk þess fullnægjandi frest til að bregðast við kröfum stofnunarinnar um úrbætur eða koma með raunhæfa áætlun þar að lútandi. Það gerðu stefnendur ekki. Kröfur stofnunarinnar um úrbætur voru skýrar og settar fram þannig að stefnendum mátti frá upphafi vera ljóst hvers væri krafist af þeim, hvers vegna og hvaða afleiðingar það hefði í för með sér ef ekki yrði brugðist við kröfunum. Þá var nægjanlega gætt að rétti til andmæla.

Ekki er fallist á það með stefnendum að Matvælastofnun hafi brugðist þeirri skyldu sinni að leita annarra leiða en að slátra dýrunum. Í athugasemdum við frumvarp til laga um velferð dýra nr. 55/2013 segir að aðila máls skuli gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum að lokinni vörslusviptingu og í framhaldi af því taki Matvælastofnun ákvörðun um það hvort vörslusviptingu verði aflétt eða dýrunum ráðstafað með öðrum hætti. Beri Matvælastofnun að gæta sjónarmiða um velferð dýra við ráðstöfun þeirra. Síðan segir orðrét: *Eðlilega ber eftir því sem kostur er að horfa til fjárhagslegra hagsmuna aðila máls, t.d. með því að koma dýrunum í slátruhús eða selja þau öðrum ef það er mögulegt. Matvælastofnun er hins vegar ekki ætlað að sitja uppi með dýrin nema skamman tíma og því slátrun eða aflífun dýranna líkleg niðurstaða.* Enda þótt frumvarpið hafi tekið ákveðnum breytingum í meðförum Alþingis þá verður ekki séð að mati dómsins að þær breytingar hrófli við hinum tilvitnuðu athugasemdum. Það sjónarmið Matvælastofnunar að taka tillit til þess við meðferð málsins hvenær unnt yrði að koma fénu til slátrunar og fá þannig verðmæti fyrir afurðirnar átti samkvæmt

Þessu rétt á sér við aðgerðir stofnunarinnar á grundvelli 37. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Var þannig tekið tillit til þess sjónarmiðs að takmarka tjón stefnanda eins og kostur væri. Þá bentu stefnendur ekki á nein raunhæf úrræði til að komast hjá slátrun fjárins og verður ekki talið að Matvælastofnun hafi borið að leita frekari úrræða til að geyma féð lengur. Við þessari niðurstöðu hrófla ekki yfirlýsingar tveggja bændu, sem stefnendur öfluðu mun síðar í tengslum við málarekstur þennan, um að þeir hefðu getað geymt féð hefði verið til þeirra leitað.

Stefnendur byggja á því að stefndi hafi með aðgerðum sínum brotið gegn jafnræðisreglu stjórnisýslulaga þar sem sambærilegri hörku sé ekki beitt að jafnaði gagnvart bændum í sambærilegri stöðu og stefnendur í máli þessu. Eins og rakið hefur verið hér að framan er það niðurstaða dómsins að ástæða hafi verið til þeirra aðgerða sem Matvælastofnun greip til í málinu. Hafa stefnendur ekki sýnt fram á að ekki hafi verið brugðist eins við af hálfu Matvælastofnunar í sambærilegum tilvikum og telst sú málstaða þeirra ósönnuð. Er þessari málsástæðu stefnanda því hafnað.

Með hliðsjón af öllu því sem rakið hefur verið hér að framan er það niðurstaða dómsins að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Með hliðsjón af ferli málsins og atvikum þess þykir rétt að málskostnaður á milli aðila falli niður. Stefnendur njóta gjafsóknar á grundvelli gjafsóknarleyfis sem er dagsett 19. febrúar 2019. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns þeirra, Valgeirs Kristinssonar, sem að virtu umfangi málsins og tímaskýrslu lögmannsins telst hæfilega ákveðin 900.000 krónur.

Björn Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan, sem dómsformaður, ásamt meðdómendunum Arnaldi Hjartarsyni héraðsdómara og Eiríki Blöndal, búfræðingi og verkfræðingi með sérhæfingu í landbúnaðarbyggingum. Dómsformaður tók við meðferð málsins 1. september 2021 en hafði fram til þess tíma engin afskipti haft af meðferð þess.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkna af kröfum stefnanda, A og B.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns þeirra, Valgeirs Kristinssonar, 900.000 krónur.

Björn Þorvaldsson

Arnaldur Hjartarson
Eiríkur Blöndal